



Viðmið um gæði á frístundaheimilum Reykjanesbæjar

Í Reykjanesbæ eru starfrækt frístundaheimili fyrir nemendur í 1. - 4. bekk við hvern grunnskóla eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur til kl. 16:15. Frístundaheimilin bjóða upp á skipulagða og metnaðarfulla tólmstundadagskrá þar sem allir nemendur geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Meginmarkið starfsins er að í því felist lífsgæði fyrir börnin sem og starfsmenn frístundaheimilanna.

„Frístundaheimili er frístundavettvangur barna með áherslu á val barna, frjálstan leik og fjölbreytileika í viðfangsefnum og umhverfi. Við skipulag þjónustu frístundaheimila skal tekið mið af þörfum, þroska og áhuga hvers og eins.“
Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 33. gr. a.

Stefna Reykjanesbæjar til 2030

Í stefnu Reykjanesbæjar til 2030 í krafti fjölbreytileikans er lögð áhersla á að Reykjanesbær sé fjölskylduvænn bær sem þroski og næri hæfileika allra í gegnum öflugt skóla-, íþrótt- og menningarstarf. Að skapa fleiri tækifæri til samvista fjölskyldna með aukinni samþættingu skólustarfs við íþróttir og tólmstundir barna. Starfið á frístundaheimilum tekur mið af stefnuáherslunum með **Börnin mikilvægust** í forgrunni þar sem byggt er á styrkleikum nemenda og stuðlað að jöfnum tækifærum fyrir öll börn.

Starfsemi frístundaheimila tekur einnig mið af skilgreiningu á hlutverki, leiðarljósum, markmiðum og viðmiðum fyrir starf á frístundaheimilum sem starfshópur á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins setti fram í febrúar 2018.



Gæðastarf á frístundaheimilum

Leiðarljós frístundaheimilanna er að bjóða börnum upp á þátttöku í fjölbreyttu frístunda- og tómstundastarfi án aðgreiningar með það að markmiði að efla sjálfstraust og félagsfærni þeirra í gegnum leik og starf. Þar er lögð áhersla á frjálsan leik og óformlegt nám barna með virkri þátttöku í frístundastarfi þar sem hver og einn fær stuðning við hæfi. Boðið er upp á viðfangsefni jafnt inni sem úti í styðjandi umhverfi sem hæfir þörfum, þroska og styrkleika þeirra svo að þau fái notið bernsku sinnar.



BÖRNIN MIKILVÆGUST

Styðjum börn svo þau blómstri í fjölskyldunni, skólum, íþróttum og tómstundum til að auka kraft samfélagsins.

Lögð er áhersla á að börnum líði vel, þau séu örugg, heilbrigð og glöð. Jafnrétti er lykilþáttur í starfinu þannig að öll börn fái að blómstra á eigin forsendum. Starfið einkennist af fagmennsku þar sem jákvæð samskipti, gagnkvæm virðing og lýðræðislegir starfshættir eru í hávegum hafðir í þeim tilgangi að efla hæfni barnanna til að móta sér sjálfstæðar skoðanir og hafa áhrif á umhverfið sitt.

Í frístundastarfinu fá börnin tækifæri til að skiptast á skoðunum við önnur börn og fullorðna, miðla málum og finna sameiginlegar lausnir og eru hvött til að tjá skoðanir sínar á markvissan og uppbyggilegan hátt. Unnið er að því að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmýnd þeirra og samskiptahæfni.



3



5



Börnin hafa áhrif á starfið og aðstæður með því að hafa daglega val um áhugaverð og ögrandi viðfangsefni til að takast á við. Með því að skipuleggja starfið með tilliti til aldurs og þroska barna þar sem áhersla er lögð á styrkleika þeirra og áhuga eykur það líkurnar á þátttöku í frístundastarfi.

Reykjanesbær er heilsueflandi samfélag sem miðar að því að þróa samfélagslegan ramma utan um markvissa og heilðræna heilsueflingu allra aldurshópa og þar með barna á frístundaheimilum. Lögð er áhersla á góða næringu, markvissa daglega hreyfingu og reglubundna útiveru. Nærumhverfi frístundaheimilis er nýtt til þess að mæta áhuga, forvitni og áskorunum barnanna.

Nánari útfærslu á starfi hvers frístundaheimilis er hægt að sjá í starfsáætlunum þeirra.



VELLÍÐAN ÍBÚA

Aukum lífsgæði og samskipti
bæjarbúa og veitum jöfn tækifæri
til heilbrigðs lífs og hamingju.



HEILSUEFLANDI
samfélag

velliðan fyrir alla

Dýrmætur mannaúður

Það er stefna Reykjanesbæjar að öll frístundaheimilin hafi menntaðan forstöðumann á sviði uppeldis- og/eða tómsunda- og félagsmálafræða sem ber ábyrgð á og hefur umsjón með starfseminni. Forstöðumaður skipuleggur starfið í samráði við skólastjórnendur og starfsmenn frístundaheimilisins. Hann tekur þátt í að móta stefnu og framtíðarsýn ásamt því að eiga í samskiptum við foreldra/forráðamenn og veita skólasamfélaginu upplýsingar. Leitast er við að frístundaleiðbeinendur hafi menntun og/eða reynslu sem nýtist í starfi. Allt starfsfólk frístundaheimila vinnur saman að útfærslu viðfangsefna og að því að skipuleggja kraftmikið skólustarf þar sem margbreytileikanum er fagnað. Umfram allt er það jákvætt í samskiptum og kemur fram við öll börn af **virðingu** og umhyggju.



Leitast er við að hlúa að þeim auði sem býr í starfsfólkinu, styðja við það og tryggja því vinnuumhverfi sem ýtir undir frumkvæði og **framsækni**. Gefur því um leið tækifæri til að nýta hæfileika sína, áhugamál og þekkingu í starfi. Lögð er áhersla á að starfsfólk hrósi og hvetji hvert annað og börnin til dáða og takist á við margvíslegar áskoranir af **eldmóði**.



VIRÐING

VIÐ BERUM VIRÐINGU HVERT FYRIR
ÖÐRU, ERUM UMBURDARLYND
GAGNVART ÖLIKRI MENNINGU
OG MISMUNANDI AÐSTÆÐUM.



ELDMÓÐUR

VIÐ TÓKUMST Á VIÐ FJÖLBREYTTAR
ÁSKORANIR AF ÞRAUTSEIGJU OG
ELDMÓÐI SÝNUM FRUMKVÆÐI OG
ERUM STOLTAF ÖKKAR FRAMLÁGI



FRAMSÆKNI

VIÐ MÆTUM FRAMTÍÐINI MED
ÁRÆÐNI OG ERUM FRAMSÆKIN
VIÐ ÞRÓUN NÝRRÁ LAUSNA.

Samstarf og samskipti

Lögð er áhersla á virkt samstarf starfsfólks/forstöðumanns frístundaheimilanna við foreldra, skóla og aðra hagsmunaaðila um sameiginleg málefni til þess að mæta þörfum barnanna sem best. Samskipti starfsfólks og foreldra fara fram í gegnum Karellen kerfið. Tekið er á mótí börnum og þau kvödd með skipulögðum hætti, þannig að ljóst sé hve mörg börn eru á frístundaheimilinu hverju sinni.

Opnunartími frístundaheimila

Almennur opnunartími frístundaheimila er að loknum skóladegi til kl. 16:15. Starfstími frístundaheimilanna er frá fyrsta skóladegi eftir skólasetningu til og með síðasta skóladegi fyrir skólaslit. Frístundaheimilin eru lokuð í jólafríi, vetrarfríi, páskafríi, á árshátíðardegi, starfsdögum, jólaskemmtun, skólasetningu og skólaslitum. Á skóladagatali hvers skóla eru tilgreindir frídagar, starfsdagar og skertir nemendadagar. Á skertum skóladögum nemenda þar sem kennsla fellur niður að hluta hefst starfsemi frístundaheimilis strax að lokinni kennslu.

Innritun, breytingar og uppsagnir

Opnað er fyrir umsóknir í mars ár hvert og er miðað við að foreldrar sækji um fyrir 1. júní vegna komandi skólaárs. Sækja skal um dvöl á frístundaheimilum í gegnum Karellen kerfið. Umsóknir sem berast eftir 1. júní þarf að skoða sérstaklega með tilliti til mönnunar frístundaheimilanna. Endurnýja þarf umsókn fyrir hvert skólaár. Uppsögn á dvöl og fækkun daga á frístundaheimili þarf að berast fyrir 15. hvers mánaðar og tekur hún gildi um næstu mánaðarmót. Tilkynt er um uppsögn eða óskað eftir breytingu á dvalartíma í gegnum Karellen.

Reykjanesbær

Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS